

Fundur Almannaþingarnefndar Austurlands

Dags og tími, 27.09.2023, fundur 8/2023.

Fundur hófst kl. 13:30 og stóð til um kl. 14:40

Fundarstjórn – KÓG

Ritun fundargerðar- KÓG

Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Mættir (aðrir boðuðu forföll.)

Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Gunnar Jónsson, varamaður Jónu Árnýjar Þórðardóttir, bæjarstjóra Fjarðabyggðar
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Júlíus Albert Albertsson, varaslökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar (Varamaður slökkviliðsstjóra.)
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
 - a. Engar athugasemdir, - samþykkt
2. Jón Björn ráðinn til að aðstoða í almannavörnum og ýta nauðsynlegum verkefnum áfram
 - a. Kynning Jóns á þeim verkefnum sem eru í gangi:
 - i. Aðgerðastjórnarrými á Héraði
 1. Aðalfundur björgunarsveitarinnar á Héraði í gær þar sem samningur við almannavarnarnefndina var tekin fyrir, - var samþykkt af hálfu björgunarsveitarinnar í gær á fundinum
 - a. Tilboð komið, er til skoðunar.
 - ii. Vettvangsstjórnstöðvar hjá björgunarsveitum, - verður næsta skref á eftir aðgerðastjórnarrými og rýmingarkort, sjá hér að neðan
 - iii. Rýmingarkort til skoðunar með sveitarfélögunum, Veðurstofu og almannavarnadeild rls
 1. Reyna að gera kortin þannig úr garði að þau séu aðgengileg í almannavarnaástandi

- a. Til skoðunar að fá aðstoð Loftmynda, til að mynda við að tengja kortin við fasteignaskrá og eftir atvikum þjóðskrá
 - b. Umræður
 - i. Fundarmenn fagna því að þetta verkefni sé farið að stað. Rætt m.a. um
 1. mikilvægi þess að rýmingarkortin séu skoðuð og komið í horf
 2. mikilvægi þess að rýmingarkortin séu á landsvísu en tengist ekki sveitarfélögum
 3. að björgunarsveitarhúsið á Seyðisfirði er á jaðri rýmingarsvæðis og þarf því að skoða sérstaklega hvort rétt sé að gera ráð fyrir vettvangsstjórn þar eða finna henni annan stað.
3. Þjálfunarmál (Framhald síðasta fundar.)
 - a. Unnið að því með fulltingi Landsbjargar að námskeið verði haldið fyrir viðbragðsaðila hér á Austurlandi í haust, og að það verði haldið í umdæminu.
 - i. Er í vinnslu.
 1. Kjartan Beneds. björgunarsveitinni á Héraði heyrir í Jóni Sigurðarsyni á Vopnafirði sem er með þetta verkefni í vinnslu og kannar stöðuna.
4. Leiðbeiningartexti til þeirra sem þurfa að rýma hús sín, sbr. og rýmingarspjöld. (Framhald síðasta fundar.)
 - a. Sent SHOZ þann 28.08.23 sem kemur þessu áfram til björgunarsveita á Seyðisfirði, Eskifirði og Norðfirði.
 - i. Afgreitt, - farið á allar björgunarsveitir í umdæminu.
 - b. Umræða hvort þörf fyrir að halda rýminga æfingu og er mögulega hlutverk nýs starfsmanns að stýra.
 - i. Skoða með æfingu eftir að rýmingarkortin eru komin á rekspöl og þau þá kynnt samhliða
 - c. Þrjár æfingar fyrirhugaðar á næstunni,
 - i. Með Norrænu á Seyðisfirði 20. sept. (Féll niður vegna úrkomu og rýminga á Austurlandi á þeim tíma sem æfingin átti að haldast.)
 - ii. Flugslysæfing á Egilsstöðum 14. október
 - iii. Skemmdir á tengivirkjum í október, - Landsnet
5. Málþing á Austurlandi nk. mánudag um ofanflóð, í samstarfi við Veðurstofu, Almanna- og sveitarfélaganna. (Framhald síðasta fundar.)
 - a. Kynnt
6. Ferðamannastaðir (Framhald síðasta fundar.)
 - a. Stórir ferðamannastaðir hér þar sem þjónusta/aðstoð, komi eitthvað upp á, er lítil sem engin á staðnum og langt í viðbragð. Stuðlagil nefnt sem dæmi. Því velt upp hvort ástæða sé til að hafa af þessu áhyggjur og jafnvel að grípa til einhverra aðgerða, - virðist málaflokkur sem er hálf munaðarlaus?
 - i. Fundarmenn sammála því að þessa staði þurfi að kortleggja og skoða hvað hægt er að gera ef eitthvað, til að tryggja sem skjótasta aðstoð verði slys eða óhöpp.
 1. KB skoðar og rýnir með Landsbjargarfólki.
 2. Erindið verður og sent undirhópum almannavarnanefndar til skoðunar, bæði á Héraði og á Fjörðunum.
7. Önnur SMS boðunaræfing fyrirhuguð

- a. Stefnt að því að halda hana í október, í Neskaupstað líkt og í vor en einnig á Seyðisfirði til að fá samanburð milli svæða
 - b. Símafyrirtækin verða með í verkefninu, bæði í undirbúningi og meðan á æfingu stendur og fylgjast þannig með í rauntíma.
 - i. Verður vonandi til þess að ástæður þess finnast að boð berast ekki í alla farsíma
8. Rýming á Seyðisfirði vegna úrhellisrigningar,
- a. Hvernig gekk ?
 - i. Gekk heilt yfir vel. Atriði sem út af stóðu eru m.a.
 - 1. Íbúar óskráðir inn á rýmingarsvæði/-um
 - a. Brunavarnir hafa skoðað þennan þátt í kjölfar rýminganna, - vitað að fólk var í gistingu í húsnæði sem telst verbúð.
 - i. Verður tekið upp á vinnustofu almannaþingarinnar nk. mánudag, - velta því upp hvernig hægt sé að bregðast við þessu þannig að upplýsingar um búsetu sé ávallt til staðar
 - 2. Skoða einnig boðunarlista sem, líkt og fyrr, eru ekki aðgengilegir til aflestrar/notkunar. (Sjá og lið 2a.iii)
 - 3. Skoða viðbragðsáætlun, en samkvæmt hættustigi skulu björgunarsveitir til að mynda, af öllu Austurlandi, mæta í björgunarsveitarhús,
 - a. mikilvægt að rýna áætlanirnar jafnóðum og lagfæra það sem ekki á við í ljósi reynslunnar
 - 4. Skoða með að manna „upplýsingamiðstöð“ í rýmingum þaðan sem hægt er að svara fyrirspurnum íbúa símleiðis um atriði sem enn þykja óljós í þeirra huga og valda áhyggjum, - en það hefur sýnt sig að ekki er hægt að svara öllum spurningum í fréttatilkynningum og því kann að vera rétt og mikilvægt að bjóða upp á þjónustu sem þessa.
9. Næsti fundur 25. október 2023 kl. 13:30

Dags og tími, 25.10.2023, fundur 9/2023.

Fundur hófst kl. 13:30 og stóð til um kl. 14:30.

Fundarstjórn – MMS

Ritun fundargerðar- MMS

Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Júlíus Albert Albertsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Mættir (aðrir boðuðu forföll):

Margrét María Sigurðardóttir formaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóra Fjarðabyggðar
Óðinn Gunnar Óðinsson, varamaður sveitastjóra Múlaþings
Júlíus Albert Albertsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.
Kjartan Benediktsson varamaður Helga Gíslasonar sveitarstjóra
Einnig er boðaður Jón Björn Hákonarson sem er að starfa fyrir lögregluna að almannavarnarmálum.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Ársreikningurinn hefur verið sendur út, nánast allir búnir að undirrita.
Ekki búið að greiða af hálfu Fljótsdalshrepps fyrir árið 2023.

2. Jón Björn kynnir stöðu á verkefnum á vegum almannavarnarnefndar

Karl Arnar Arnarson hjá Loftmyndum mætti sem gestur inn á fundinn og sýndi kortasjá Loftmynda og hvað það kerfi býður upp á í mögulegri notkun vegna rýmingarkorta. Fjarðabyggð og Múlaþing eru meðal sveitarfélaga sem eru með samning við Loftmyndir og nýta kortasjána á sínum heimasíðum og til innri vinnu sveitarfélaganna. Möguleikar eru á nýta sjána á ýmsa vegu í þágu almannavarna á Austurlandi og mun verkefnastjóri fylgja þeirri vinnu áfram.

Aðgerðastjórnarrými á Héraði. Búið er að gera drög af leigusamning við björgunarsveitina Hérað um aðstöðu fyrir aðgerðarstjórnarrými almannavarna á Austurlandi í húsnæði sveitarinnar. Farið yfir drögin af samningnum og samþykkir nefndin hann og felur lögreglustjóra undirritun hans. Farið var yfir ýmsa þætti í samningnum og verður gengið frá þeim samhliða undirritun. Búnaður sem almannavarnir eiga verður vistaður þar og mun lögregla koma með reglubundnum hætti og fara yfir hann á milli þess sem hann þarf að nýta í almannavarnarástandi.

JBH fór yfir að til standi að kaupa 6 vinnustöðvar, með skjái, dokku, lyklaborð og mýs og að fólk sé með sínar eigin tölvu. Einnig verða 4 skjái á vegg. Kostnaður við tækjakaup og húsgögn þeim tengdum er að 5.500.000. JBH mun útbúa minnisblað kaupanna með kostnaði sem verður sent út og ber fulltrúm að koma með athugasemdir innan fjögurra daga ef einhverjar slíkar eru. Fundarmenn samþykkja kaup upp á 5.500.000 en vilja fá tækifæri að kynna sér tilboðin áður en að gengið er til samninga.

3. Önnur mál

Formaður fékk heimild til að samþykkja minniháttar reikninga sem koma frá t.d. matarkostnaður fyrir aðgerðarstjórn á æfingum, tryggingar á leikendum við æfinga eða slíkt.

Fundarmenn lýstu því yfir að rétt sé að greiða þeim fyrir fundarsetu sem ekki er að sitja fundi á launum frá sínum vinnuveitenda. KÓG var að taka málið sama og verður það rætt á næsta fundi. Ákveðið að funda 15. nóvember n.k. á sama tíma og þá fara yfir þau málefni sem til stóð að ræða á fundinum.

Fundi slitið.

Fundarefnum hér fyrir neðan var frestað.

- i. Vettvangsstjórnstöðvar hjá björgunarsveitum
 1. björgunarsveitarhúsið á Seyðisfirði er á jaðri rýmingarsvæðis, hvernig verður með það farið ?
 - b. Rýmingarkort er í fókus
 - c. ... og fl.

3. Þjálfunarmál (Framhald síðasta fundar.)
 - a. Getum fengið námskeið í mars á næsta ári
kostnaður er mikill
 - i. Lágmarksmönnun er tólf, hámark 20. Landsbjörg getur lagt til sex og lögregla sex.
 1. Spurning hvort fleiri vilja koma að,
 4. Flugslysaæfing á Egilsstöðum var haldin 14. október
 - a. Hvernig gekk
 5. Málþing haldið á Austurlandi 2. okt. um ofanflóð, í samstarfi við Veðurstofu, Almannavarna og sveitarfélaganna. (Framhald síðasta fundar.)
 - a. Hvernig gekk – helstu atriði

 6. Ferðamannastaðir (Framhald síðasta fundar.)
 - a. Stórir ferðamannastaðir hér þar sem þjónusta/aðstoð, komi eitthvað upp á, er lítil sem engin á staðnum og langt í viðbragð. Stuðlagil nefnt sem dæmi. Því velt upp hvort ástæða sé til að hafa af þessu áhyggjur og jafnvel að grípa til einhverra aðgerða, - virðist málaflokkur sem er hálf munaðarlaus?
 - i. Fundarmenn sammála því að þessa staði þurfi að kortleggja og skoða hvað hægt er að gera ef eitthvað, til að tryggja sem skjótasta aðstoð verði slys eða óhöpp.
 1. KB skoðar og rýnir með Landsbjargarfólki.
 2. Erindið verður og sent undirhópum almannavarnanefndar til skoðunar, bæði á Héraði og á Fjörðunum.

 7. Önnur SMS boðunaræfing fyrirhuguð
 - a. Stefnt að því að halda hana í nóvember
 - i. Kynnt

 8. Rýming á Seyðisfirði vegna úrhellisrigningar. (Framhald síðasta fundar.)
 - a. Íbúar óskráðir inn á rýmingarsvæði/-um
 - i. Brunavarnir hafa skoðað þennan þátt í kjölfar rýminganna, - vitað að fólk var í gistingu í húsnæði sem telst verbúð.
 - b. Skoða einnig boðunarlista sem, líkt og fyrr, eru ekki aðgengilegir til aflestrar/notkunar. (Sjá og lið 2a.iii)
 - i. Skoða viðbragðsáætlun, en samkvæmt hættustigi skulu björgunarsveitir til að mynda, af öllu Austurlandi, mæta í björgunarsveitarhús,
 - a. mikilvægt að rýna áætlanirnar jafnóðum og lagfæra það sem ekki á við í ljósi reynslunnar

ii. Skoða með að manna „upplýsingamiðstöð“ í rýmingum þaðan sem hægt er að svara fyrirspurnum íbúa símleiðis um atriði sem enn þykja óljós í þeirra huga og valda áhyggjum, - en það hefur sýnt sig að ekki er hægt að svara öllum spurningum í fréttatilkynningum og því kann að vera rétt og mikilvægt að bjóða upp á þjónustu sem þessa.

9. Erindi frá Rauða krossinum

a. „Rauða kross deildin í Djúpavogi vildi gjarna fá endurskoðun á fjöldahjálparstöð í bænum og telja að íþróttahúsið gæti hentað betur en grunnskólinn. Gætuð þið tekið málið upp á fundi almannavarnanefndar og lagt þetta til. Þetta yrði, ef samþykkt, sambærilegur samningur og var gerður v/Herðubreiðar á Seyðisfirði.“

Dags og tími, 16.11.2023, fundur 10/2023.
Fundur hófst kl. 13:30 og stóð til um kl. 14:35.
Fundarstjórn – MMS/KÓG
Ritun fundargerðar- KÓG

Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Júlíus Albert Albertsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Mættir (aðrir boðuðu forföll):

Margrét María Sigurðardóttir formaður
Gunnar Jónsson, varamaður bæjarstjóra Fjarðabyggðar
Óðinn Gunnar Óðinsson, varamaður sveitastjóra Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps (Sat hluta fundarins.)
Júlíus Albert Albertsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.
Kjartan Benediktsson varamaður Helga Gíslasonar sveitarstjóra

Jón Björn Hákonarson, verkefnaráðinn starfsmaður í almannavarnamálum

10. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
 - a. Engar athugasemdir
11. Jón Björn fer í stuttu máli yfir það sem gerst hefur frá síðasta fundi.
 - a. Minnisblað um búnaðarkaup sent út eftir síðasta fund Almannavarnarnefndar. Engar athugasemdir bárust.
 - b. Aðgerðastjórnarrými opnar vonandi um eða eftir næstu mánaðamót
 - i. KB staðfestir að rýmið verði tilbúið að taka á móti búnaði þá.
 - ii. Öryggiskerfi er á húsinu og til skoðunar að setja upp í rýminu sjálfu einnig
 - iii. MMS mun senda samninginn rafrænt til undirritunar, aðilar þegar búnir að rýna hann og samþykkja
 - c. Unnið að rýmingarkortum
12. Gos á Reykjanesi!
 - a. Hvort og þá hvernig mun það hafa áhrif á Austurland?
 - i. Fundarmenn verið upplýstir um aðstæður og við hverju megi búast.
 - ii. Ákveðið að halda stuttan fund lykilaðila á morgun þar sem staðan verður yfirfarin og tryggt að við verðum tilbúin komi til þess að farþegavélar þurfi að lenda á Egilsstaðaflugvelli með litlum fyrirvara og hundruði farþega um borð.
 1. Fundur var haldinn 16.11. kl. 11:45. Mættir þar voru Ásgeir frá ISAVIA, slökkviliðsstjórnarnir báðir, Óðinn Gunnar frá Múlaþingi, Gunnar Jónsson frá Fjarðabyggð, Sveinn Zoëga frá Landsbjörgu og

Hjalti Bergmar og Kristján frá lögreglu. Farið yfir stöðuna með vísan m.a. til tölvupósts sem KÓG sendi almannavarnarnefnd og fleirum þann 11.11.23 kl. 14:54 um sama efni. (Sjá fylgiskjal.) Síðan hafa verið teknar saman upplýsingar um hótél og gistiheimili í umdæminu og fjölda gesta sem þau taka, sem og upplýsingar og símanúmer fólksflutningafyrirtækja sem geta með skömmum fyrirvara komið að því að koma fólki frá flugstöðinni í gistingu. Talið að við séum í ágætum málum og tilbúin að takast á við verkefnið. Rætt um að aðgerðastjórn verði virkjuð komi til þessa.

13. Endurskoðun almannavarnalaga – málþing 27.11.2023

- a. Kynning – umræður
 - i. Fundarmönnum verða send drög að kynningu Almannavarnarnefndar á fundinum, fyrir hönd Austurlands.
 1. Óskað eftir því sú kynning verði rýnd og athugasemdir/ábendingar sendar MMS og KÓG.
 2. Skoðað verði hvort sérstakur fundur verði í Almannavarnarnefnd fyrir fundinn 27.11 til að stilla saman strengi.

14. Þjálfunarmál (Framhald síðasta fundar.)

- a. Stefnt að námskeiði í mars á næsta ári.
 - i. Um fimm daga námskeið að ræða sem að hluta til snýr að leit og björgun.
 - ii. Lagt til að skoðað verði hvort hægt myndi að setja upp styttra námskeið, tveggja daga, þar sem sjónarhornið er eingöngu á þjálfun í aðgerðastjórn og vettvangsstjórn.

15. Flugslysaæfing á Egilsstöðum var haldin 14. október

- a. Hvernig gekk
 - i. Samdóma álit þeirra er að komu að æfingin hafi gengið vel.

16. Málþing haldið á Austurlandi 2. okt. um ofanflóð, í samstarfi við Veðurstofu, Almannavarna og sveitarfélaganna. (Framhald síðasta fundar.)

- a. Hvernig gekk – helstu atriði
 - i. Allir sammála því að málþingið hafi gengið vonum frammar. Um 80 manns mættu á málþingið og vinnustofur og enn fleiri fylgdust með umræðum á netinu.
 - ii. Enn verið að vinna úr ábendingum og atriðum frá fundinum. Hefur tafist, m.a. vegna ástands mála á Reykjanesi.

17. Ferðamannastaðir (Framhald síðasta fundar.)

- a. Stórir ferðamannastaðir hér þar sem þjónusta/aðstoð, komi eitthvað upp á, er lítil sem engin á staðnum og langt í viðbragð. Stuðlagil nefnt sem dæmi. Því velt upp hvort ástæða sé til að hafa af þessu áhyggjur og jafnvel að grípa til einhverra aðgerða, - virðist málaflökkur sem er hálf munaðarlaus?
 - i. Tveir vinnuhópar að störfum á vegum ráðuneytisins. Ekki vitað hvar sú vinna er stödd. (KB fylgist með)
 - ii. Erindið verður sent undirhópum almannavarnarnefndar til skoðunar, með það að markmiði að kortleggja staðina, hvernig fjarskiptasamband þar er, hvernig aðkomu er háttað, hver er viðbragðstíminn og svo framvegis, með formlegri niðurstöðu og verkefnaáætlun í lokin.

18. Djúpivogur

- a. Farsímakerfið að detta út, - áberandi þegar stór skemmtiferðaskip eru í höfn á Djúpavogi og álag mikið. SMS skilaboð berast þá einnig seint og illa, til að mynda til slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Bagalegt.
 - i. Óðinn heyrir í símanum

19. Norðfjarðargöng

- a. Farsímakerfið þar í ólagi – símtöl slitna þegar inn er komið.
 - i. Gunnar Jónsson skoðar.

20. Önnur SMS boðunaræfing fyrirhuguð, sambærileg þeirri sem var í Neskaupstað í vor

- a. Stefnt var að því að halda hana í nóvember en ljóst, eftir atburði á Reykjanesi, að svo verður ekki. Verður kynnt síðar hvar þetta verkefni er statt.

21. Rýming á Seyðisfirði vegna úrhellisrigningar. (Framhald síðasta fundar.)

- a. Íbúar óskráðir inn á rýmingarsvæði/-um
 - i. Brunavarnir hafa skoðað þennan þátt í kjölfar rýminganna, - vitað að fólk var í gistingu í húsnæði sem telst verbúð innan rýmingarsvæðis.
 1. Óðinn Gunnar skoðar heimildir til íveru þarna og ákveður næstu skref
- b. Skoða einnig boðunarlista sem, líkt og fyrr, eru ekki aðgengilegir til aflestrar/notkunar. (Sjá og lið 2a.iii)
 - i. Skoða viðbragðsáætlun, en samkvæmt hættustigi skulu björgunarsveitir til að mynda, af öllu Austurlandi, mæta í björgunarsveitarhús,
 1. mikilvægt að rýna áætlanirnar jafnóðum og lagfæra það sem ekki á við í ljósi reynslunnar
 - a. Listarnir fóru út en komu inn aftur í flugslysaáætluninni.
 - b. Skilgreina þarf listana í boðun, svo móttakandi viti af hvaða listum hann fær skilaboðin JBH skoðar.
 - ii. Skoða mönnun „upplýsingamiðstöðvar“ í rýmingum þaðan sem hægt myndi að svara fyrirspurnum íbúa símleiðis um atriði sem enn þykja og valda áhyggjum, - en það hefur sýnt sig að ekki er hægt að svara öllum spurningum í fréttatilkynningum. Því kann að vera rétt og mikilvægt að bjóða upp á þjónustu sem þessa.
 1. Verður skoðað (KÓG)

22. Erindi frá Rauða krossinum

- a. „Rauða kross deildin í Djúpavogi vildi gjarna fá endurskoðun á fjöldahjálparstöð í bænum og telja að íþróttahúsið gæti hentað betur en grunnskólinn. Gætuð þið tekið málið upp á fundi almannavarnanefndar og lagt þetta til. Þetta yrði, ef samþykkt, sambærilegur samningur og var gerður v/Herðubreiðar á Seyðisfirði.“
 - i. Þykir skynsamlegt
 1. Múlaþing tekur að sér að afgreiða og upplýsir almannavarnanefnd og neyðarlínu.

23. Önnur mál

- a. Engin

24. Næsti fundur miðvikudaginn 14. des.

Fylgiskjal – Mögulegt eldgos á Reykjanesi - varaflugvöllur á Egilsstöðum, upplýsingar-ráðstafanir

Sent 11.11.23 kl. 14:54 til 'Júlíus Albert Albertsson' <julius@fjardabyggd.is>; 'Gunnar Jónsson' <gunnar.jonsson@fjardabyggd.is>; 'Óðinn Gunnar Óðinsson' <odinn.gunnar.odinsson@mulathing.is>; 'hel.enduro442@gmail.com'; Ásgeir Rúnar Harðarson <asgeir.hardarson@isavia.is>; Davíð Örn Auðbergsson <david.orn@logreglan.is>; Hjalti Bergmar Axelsson <hjaltiberg@logreglan.is>; Þórhallur Árnason <thorhallur.arnason@logreglan.is>; 'Páll Örvar Svansson - SKATT' <pall.o.svansson@skatturinn.is>; Jón Björn Hákonarson <jon.b.hakonarson@fjardabyggd.is>; Björn Ingimarsson (bjorni@egilsstadir.is); fljótsdalur Helgi (fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is); Haraldur Geir Eðvaldsson <halli@brunavarnir.is>; helgi@fljotsdalur.is; Jóna Árný Þórðardóttir <jona.a.thordardottir@fjardabyggd.is>; Sara Elísabet Svansdóttir (saras@vfh.is); Sigurjón Valmundsson (sigurjon.valmundsson@fjardabyggd.is); Sveinn Halldór Oddsson Zoëga <svenni@gerpir.is> Margrét María Sigurðardóttir (mms01@logreglan.is)

Sæl –

Fundur var áðan á vegum ISAVIA fyrir hagaðila í flugi og fleiri vegna mögulegs goss á Reykjanesi. Tvær sviðsmyndir viðraðar, gos á landi annarsvegar og í sjó hinsvegar. Ekki mikil hætta fyrir flugumferð að talið er eða röskun vegna goss á landi en gæti varað í nokkurn tíma ef um sprengigos er að ræða í sjó.

Þegar gos hefst, hvort sem er á sjó eða landi, þá mun flugumferð lokað í 120 mílna rás frá upptökum þess. Keflavíkflugvöllur og Rvíkurflugvöllur þá úti. Lokunin mun standa í einhverjar mínútur/klukkustundir frá því gos hefst og þar til búið er að meta stöðuna og taka ákvörðun um framhaldið.

Verkefni okkar hér á þessum landshluta myndi því að stórum hluta koma til á þessum fyrstu stigum goss, þegar og ef koma þarf vélum á varaflugvöll. Búnaður og mannskapur mun sendur af hálfu ISAVIA á Egilsstaðaflugvöll til aðstoðar og eins eru eldsneytisbirgðar til staðar til að koma vélum áfram á næsta flugvöll. Fjórar til fimm vélar gætu þá komið hingað og verið á sama tíma.

Álag á lögreglu og tollgæslu gæti orðið all nokkuð í þessum fyrsta fasa, auk álags á starfsfólk Egilsstaðaflugvallar. Allir þessir aðilar hafa gert ráðstafanir sín megin.

Óvissa er til staðar varðandi gistirými í fjórðungnum, komi til þess að vélar í lengist hér sem ekki er þó líklegt. Gunnar Jónsson hjá Fjarðabyggð tók að sér að heyra í Austurbrú vegna þessa með það að markmiði að kortleggja stöðuna, hvort og þá hvert hægt myndi að beina farþegum í gistingu komi sú staða upp, þannig að við séum undirbúin komi til þessa.

Sent til upplýsinga, skoðanaskipta, vangaveltna og ábendinga, en ekki er ástæða til að ætla á þessu stigi annað en við komumst klakklaust gegnum þennan fyrsta fasa og fáum svo vonandi ráðrúm til að undirbúa þann næsta dragist ástand þetta á langinn og verði viðvarandi.

Bestu kveðjur –

Kristján

Dags og tími, 29.01.2024, fundur 1/2024.
Fundur hófst kl. 13:30 og stóð til um kl. 14:40.
Fundarstjórn – KÓG
Ritun fundargerðar- KÓG

Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Júlíus Albert Albertsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Mættir (aðrir boðuðu forföll):

Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar
Gunnar Jónsson, varamaður bæjarstjóra Fjarðabyggðar
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps
Júlíus Albert Albertsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Jón Björn Hákonarson, verkefnaráðinn starfsmaður í almannavarnamálum

25. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
 - a. Engar athugasemdir
26. JBH fer í stuttu máli yfir það sem gerst hefur frá síðasta fundi.
 - a. Vígsla rýmis aðgerðastjórnar
 - i. Stjórnstöðin vígð 5. janúar sl.
 - b. Vinna við rýmingarkort í fullum gangi
 - i. Verið að kynna til Veðurstofu
 - ii. Vinna í gangi með almannavarnadeild RLS
 1. Fundur fyrirhugaður í næstu viku, tveir fundir þegar verið haldnir, - JBH búinn að skila inn minnisblaði til almannavarnadeildar RLS vegna útfærslna á stafrænum lausnum og gagnagrunni til að nýta vegna rýminga húsnæðis í almannavarnarástandi“.
 2. Verið að skoða hvort sú vinna sem hér hefur verið unnin geti nýst og sniðin að landinu öllu.
27. Framhald síðasta fundar
 - a. Þjálfunarmál - námskeið
 - i. Stefnt að tveggja daga námskeiði þar sem aðgerðastjórn og vettvangsstjórn er í forgrunni, - ekki fimm daga námskeið líkt og áður var gert ráð fyrir.

1. Landsbjörg er tilbúin að halda slíkt námskeið, - tímasetning verði ákveðin af okkur, - apríl mánuður gæti verið góður til þess.
 - a. Verið að kanna með kostnað, ætti að liggja fyrir fljótlega.
 - i. Fundarmenn sammála um mikilvægi þessa og eru áfram um að málið fái framgang
 1. KÓG skoðar og fær tillögur.
- b. Málþing var haldið á Austurlandi 2. okt. um ofanflóð, í samstarfi við Veðurstofu Almannavarna og sveitarfélaganna.
 - i. Enn verið að vinna úr ábendingum og atriðum frá fundinum. Hefur tafist, m.a. vegna ástands mála á Reykjanesi.
 1. Unnið að aðgerðaáætlun/punktum sem verður að líkindum deilt til mismunandi eininga, almannavarnanefndar þar á meðal, sem þá taka við verkefnum og vinna áfram.
 2. Verið að skoða einnig hvort sambærilegur fundur verði haldinn að nýju síðla þessa árs.
- c. Ferðamannastaðir (Framhald síðasta fundar.)
 - i. Stórir ferðamannastaðir hér þar sem þjónusta/aðstoð, komi eitthvað upp á, er lítil sem engin á staðnum og langt í viðbragð. Stuðlagil nefnt sem dæmi. Því velt upp hvort ástæða sé til að hafa af þessu áhyggjur og jafnvel að grípa til einhverra aðgerða, - virðist málaflokkur sem er hálf munaðarlaus?
 1. Tveir vinnuhópar að störfum á vegum ráðuneytisins. Ekki vitað hvar sú vinna er stödd.
 - a. (KB fylgist með)
 2. Vakin athygli á Óbyggðasetri, en þar eru allt að fimmtíu gestir og líklegt að fleiri sambærilegir bætist við á næstunni á svipuðum slóðum.
 - a. Vegir slæmir þangað inneftir, þarf að skoða það og eins þarf að skoða brunavarnir, vatnstökustaði til að mynda og fleira með vísan til fjarlægðar og aðgengis
 - i. KÓG heyrir í Vegagerð
 - ii. Erindinu einnig beint til HGE slökkviliðsstjóra
 - b. Erindið einnig í vinnslu hjá undirhópum almannavarnanefndar til skoðunar, með það að markmiði að kortleggja staðina, hvernig fjarskiptasamband þar er, hvernig aðkomu viðbragðsaðila er háttað, hver er viðbragðstíminn og svo framvegis, með formlegri niðurstöðu og verkefnaáætlun í lokin.
 - i. JBH tók að sér að kanna fyrir næsta fund hver staða fjarskiptamála er, svo sem á Fagradal og á fleiri stöðum þar sem mikil umferð er bæði íbúa og ferðamanna en símasamband slitrótt og jafnvel ekkert.
 1. JBH skoðar hvort og þá hvernig almannavarnanefnd getur enn reynt að vekja athygli á þessum aðstæðum og þrýsta með formlegum hætti á um umbætur
 - d. Farsímakerfið
 - i. Hægist mjög á farsímakerfinu undir álagi á Djúpavogi og Seyðisfirði þegar stór skemmtiferðaskip eru í höfn og álag mikið. SMS skilaboð berast þá einnig seint og illa, til að mynda til slökkviliðs- og sjúkraf lutningamanna. Bagalegt.

1. ÓGÓ/Múlaþing hefur skoðað, - Síminn verði kallaður til og mun freista þess með Múlaþingi að leita skýringa og lausna.
- e. Norðfjarðargöng
 - i. Farsímakerfið þar í ólagi – símtöl slitna þegar inn er komið.
 1. GJ/Fjarðabyggð skoðar, hver er staðan.
 - a. Afgreitt, komið í lag.
- f. Endurskoðun almannavarnalaga – málþing haldið 27.11.2023 fyrir almannavarnanefnd Austurlands og fleiri
 - i. Umræður
 1. Beðið eftir fundi stýrihóps verkefnisins þaðan sem tíðinda gæti verði að vænta, - fundurinn er fyrirhugaður í febrúar nk.
- g. Önnur SMS boðunaræfing fyrirhuguð, sambærileg þeirri sem var í Neskaupstað í vor
 - i. Stefnt var að því að halda hana í nóvember en ljóst, eftir atburði á Reykjanesi, að svo verður ekki.
 1. Verkefni í bið vegna ástands á Reykjanesi, verður væntanlega ekki fyrir en í fyrsta lagi í haust
- h. Rýming á Seyðisfirði vegna úrhellisrigningar
 - i. Íbúar óskráðir inn á rýmingarsvæði/-um
 1. Brunavarnir hafa skoðað þennan þátt í kjölfar rýminganna, - vitað að fólk var í gistingu í húsnæði sem telst verbúð innan rýmingarsvæðis.
 - a. BI / Múlaþing skoðar heimildir til búsetu/íveru í þessum húsum og ákveður næstu skref.
 - ii. Skoða mönnun „upplýsingamiðstöðvar“ í rýmingum þaðan sem hægt myndi að svara fyrirspurnum íbúa símleiðis um atriði sem enn þykja og valda áhyggjum, - en það hefur sýnt sig að ekki er hægt að svara öllum spurningum í fréttatilkynningum. Því kann að vera rétt og mikilvægt að bjóða upp á þjónustu sem þessa.
 1. KÓG/lögregla skoðar
 - i. Erindi frá Rauða krossinum
 - i. „Rauða kross deildin í Djúpavogi óskar endurskoðunar á fjöldahjálparstöð í bænum og telja að íþróttahúsið gæti hentað betur en grunnskólinn: „Gætuð þið tekið málið upp á fundi almannavarnanefndar og lagt þetta til. Þetta yrði, ef samþykkt, sambærilegur samningur og var gerður v/Herðubreiðar á Seyðisfirði.“
 1. Afgreitt - samþykkt
 2. BI skoðar með uppfærslu á viðbragðsáætlun

28. Gos hófst á Reykjanesi 18. des. !

- a. Farið í stuttu máli yfir okkar viðbrögð vegna alþjóðaflugvallarins á Egilstöðum.

29. Vettvangsstjórnstöðvar

- a. Verið að skoða búnaðarmál þar líkt og í aðgerðastjórn, - björgunarsveitarhús sérstaklega til skoðunar og því þá velt upp hvort og þá hvernig almannavarnir ættu eða gætu styrkt björgunarsveitir til búnaðarkaupa í samræmi við forgangsöröðun.
 - i. JBH skoðar þetta, metur og eftir atvikum forgangsraðar í samráði við almannavarnanefnd

30. Æfing Norrænu 9. apríl, - undirbúningur að hefjast.

- a. Kynnt.

31. Önnur mál

- a. JÁP – lausir endar óhnýttir eftir snjóflóðin í Neskaupstað sl. vor
 - i. Benti á að enn væri unnið að því með ríkisvaldinu að ljúka málum eftir snjóflóðin í Neskaupstað. Hefur gengið hægt og þarf að skerpa á slíkum málum, til að mynda skiptingu kostnaðar, með ríkisvaldinu. Vonir standa til að ný almannavarnalög grípi þetta.

- b. SHOZ – bendir á að áætlanir vanti um til að mynda hópslys í fjalllendi
 - i. Hluti af verkefni JBH að yfirfara viðbragðsáætlanir, en nú þegar er til að mynda áætlun vegna gróðurelda í smíðum.
 - 1. Mörg verkefni framundan sem almannavarnanefnd þarf að koma að með einum eða öðrum hætti.

- c. BI - Skemmtiferðaskip, - skipulag sumarsins
 - i. BI lagði áherslu á að Múlaping, lögregla og eftir atvikum HSA kæmi saman til að skipuleggja vinnu vegna farþegaskipa sem von væri á í sumar.
 - 1. BI/Múlaping boðar til fundar.

32. Næsti fundur 26. febrúar kl. 13:30.